

Bæjarstjórn - 1962

FUNDARBOÐ

**1962. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, miðvikudaginn 8.
október 2025 og hefst kl. 14:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 2501239 - Reglur um NPA (notendastýrð persónulega aðstoð)

1.liður úr fundargerð fjölskylduráðs frá 30.september sl.
Lögð fram umsögn samráðshóps um málefni fatlaðra.
Reglur um NPA lagðar fram til afgreiðslu.

Fjölskylduráð samþykkir uppfærðar reglur um NPA (notendastýrða persónulega aðstoð) og vísar þeim til bæjarstjórnar til staðfestingar.

2. 2509990 - Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, gjaldskrá 2026

2.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 2.október sl.
Lögð fram til afgreiðslu gjaldskrá slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins.

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi gjaldskrá og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

3. 2506584 - Útboð á ytri endurskoðun Hafnarfjarðarkaupstaðar og stofnana hans

4.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 2.október sl.
Lagt fram minnisblað. Helga Benediktsdóttir sviðsstjóri mætir til fundarins.

Bæjarráð leggur til að bæjarstjórn samþykki ráðningu PricewaterhouseCoopers ehf. til að sinna endurskoðun ársreiknings Hafnarfjarðarbæjar og Hafnarfjarðarhafnar

4. 2509891 - Brú lífeyrissjóður, réttindasafn Eftirlaunasjóðs, endurgreiðsluhlutfall 2026

5.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 2.október sl.
Lagt fram erindi frá Brú lífeyrissjóð, dags. 23.sept. sl. Helga Benediktsdóttir sviðsstjóri mætir til fundarins.

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi erindi og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

5. 2509975 - Fluguskeið 8 og 8a, umsókn um lóð

9.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 2.október sl.

Lögð fram umsókn Verk29 ehf. um lóðina nr. 8 og 8A við Fluguskeið.

Bæjarráð samþykkir úthlutun lóaðrinnar Fluguskeið 8 og 8A og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

Bæjarráð hafnar beiðni um forkauprétt á Fluguskeiði 6 og 6A.

6. 2501113 - Suðurhöfn, breyting á deiliskipulagi

2.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 2.október sl.

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi suðurhafnar vegna áforma um byggingu Tækniskóla á svæði sem afmarkast af Óseyrargötu, Fornubúðum og Cuxhavengötu. Skipulagshöfundur mætir til fundarins og kynnir.

Meirihluti skipulags- og byggingarráðs samþykkir að tillaga að breytingu á deiliskipulagi suðurhafnar vegna áforma um byggingu Tækniskóla verði auglýst og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn. Fulltrúi Samfylkingarinnar, Steinunn Guðmundsdóttir greiðir atkvæði á móti tillögunni. Fulltrúi Samfylkingar Steinunn Guðmundsdóttir vill útskýra afstöðu sína. Fulltrúinn er ekki á móti tillögunni í heild en vill að hámark bílastæða verði ekki sett fast í 600 bílastæði

7. 2509924 - Aðalskipulag Suðurhafnar, breyting reitur S42

3.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 2. október sl.

Lögð fram tillaga um að hefja vinnu við breytingu á aðalskipulagi suðurhafnar, reitur S42, vegna breytinga á byggingarmagni.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að hefja vinnu við óverulega breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 og að leitað verði umsagna um tillöguna. Erindinu er vísað til samþykktar í bæjarstjórn.

8. 2502467 - Aðalskipulag Hafnarfjarðar, breyting borhola Krýsuvík

4.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 2.október sl.

Lögð fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 - 2025 og nýju deiliskipulagi vegna rannsóknarborunar í Krýsuvík.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að auglýsa framlagða tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 - 2025 og nýju deiliskipulagi vegna rannsóknarborunar í Krýsuvík og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

9. 2111309 - Hellnahraun 4, deiliskipulag

8.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 2.október sl.

Skipulags- og byggingarráð samþykkti 26.6.2025 að tillaga að deiliskipulagi Hellnahrauns 4 yrði auglýst. Tillagan var auglýst tímabilið 17.7-28.8.2025. Athugasemdir bárust. Lagt fram svar við athugasemdum og uppfærð tillaga.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir framlagða tillögu að nýju deiliskipulagi Hellnahrauns 4 og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

Fundargerðir

10. 2501140 - Fundargerðir 2025, til kynningar í bæjarstjórn

Fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 2.október sl.

Fundargerð bæjarráðs frá 2.október sl.

a. Fundargerðir hafnarstjórnar frá 24. og 29. september sl.

b. Fundargerð heilbrigðiseftirlits frá 29.nóvember sl.

c. Fundargerð menningar- og ferðamálanefndar frá 24. september sl.

d. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 26.september sl.

e. Fundargerðir stjórnar SSH frá 15. og 22. september sl.

f. fundargerð 54. eigendafundar Sorpu bs. frá 22. september sl.

g. Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 12. september sl.

Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 1.október sl.

a. Fundargerðir stjórnar SORPU bs. frá 18.júní og 18.ágúst sl.

Fundargerð fræðsluráðs frá 1. október sl.

Fundargerð fjölskylduráðs frá 30. september sl.

Fundargerð forsetanefndar frá 6.október sl.

06.10.2025

Valdimar Víðisson bæjarstjóri